

**Ed.**

**742. Breytingartillaga**

[181. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

61. gr. orðist svo:

Nú kemur í ljós, eftir að álagningu er lokið, sbr. 14. gr. og 45.—46. gr., að gjaldanda hefur verið sleppt, sem lagt skyldi hafa verið á, eða að framtal gjaldanda hefur verið rangt eða ófullnægjandi að verulegu leyti, og skal þá úr því bætt með nýrri álagningu. Um slíka álagningu gilda sömu reglur og um álagningu aðstöðugjalds og útsvars samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við á. Eigi má reikna nefnd gjöld að nýju lengra aftur í tímann en 6 ár. Gjaldalagi gjalda samkvæmt þessari málsgrein er viku eftir að gjaldanda var tilkynnt um álagninguna.

Nú skýrir gjaldandi af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um aðstöðugjald hans eða útsvar, og skal hann þá sekur um allt að tífadri þeirri upphæð aðstöðugjalds eða útsvars, sem undan var dregin. Einnig er heimilt að sekta gjaldanda, sem hefur ekki talið fram, um allt að tífadri fjárhæð aðstöðugjalds eða útsvars, sem áætlun hefur verið of lág, ef gjöld þessi hafa verið reiknuð að nýju samkvæmt 1. mgr. Eigi má reikna sekt samkvæmt þessari málsgrein lengra aftur í tímann en 6 ár.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá fjárhæð, er á vantar.

Sektir samkvæmt 2. og 3. mgr. renna í viðkomandi sveitarsjóð, og fer um gjalddaga þeirra eftir ákvæðum 1. mgr.

Fyrir endurtekin og stórfelld brot samkvæmt 2. málsgrein þessarar greinar má dæma menn í allt að 2 ára varðhaldsvist, enda liggi eigi þyngri refsing við brotum samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

Nefnd sú, sem í 48. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt getur, ákveður sektir samkvæmt 2. mgr., nema ríkisskattstjóri eða sökunautur óski þess, að máli sé vísað til dómstóla.